

42

30. júní

L Ö G

um heimild til þess að taka eignarnámi nokkur lönd á hverasvæði í Ölfusi.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka eignarnámi ríkinu til handa eftirtaldar landeignir í Ölfusi:

1. Það af landi jarðarinnar Vorsabæjar, sem ekki er eign ríkisins, með eftirgreindum landamerkjum: Að austan takmarkast landið af Varmá, að sunnan af landamerkjum Vorsabæjar, frá Varmá um fornu Vorsabæjarrúst, sjónhend-
ing yfir Breiðutorfu og þaðan í Neðrasnið við Hengladalsá, að vestan landa-
merki Reykjakots að Varmá, en eftir það ræður Varmá mörkum fyrir landinu
að norðan.
2. Landblett Gísla Björnssonar, svonefnt Ekrubarð, háðum megin við þjóðveginn
ofan við efri brúna á Varmá.

2. gr.

Takist ekki samkomulag við núverandi ábúanda Vorsabæjar um afnotamissi á því landi, sem væntanlegur skipulagsuppráttur nær yfir, er ríkisstjórninni heimilt að taka afnotarétt ábúandans á því landi eignarnámi.

3. gr.

Um framkvæmd eignarnáms samkv. 1. og 2. gr. skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

43

30. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 71 11. júní 1938, um byggingarsamvinnufélög.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrri málsg. 10. gr. laganna orðist svo:

Nú vill félagsmaður selja íbúð, er hann hefur fengið að tilhlutun byggingarsamvinnufélags, og hefur félagið þá forkaupsrétt. Ef samkomulag næst ekki um söluverð